

Fundur haldinn 13. mars 2024 kl. 19.00 í Menntaskólanum á Akureyri

1. Setning fundar

Formaður, Aðalbjörg Bragadóttir, setur fund.

2. Kveikt á kertum

Formaður býður Jóhönnu Sigrúnu að kveikja á kertunum.

3. Kveðjur frá fjarstöddum konum

Formaður ber fundinum kveðju frá fjarstöddum konum. AB segir frá skemmtilegu og persónuleg bréfi sem barst frá félagskonu sem gaman hafi verið að lesa, hún hvetur konur til að senda formanni persónulegar kveðjur.

4. Orð til umhugsunar

Elín Elísabet fer með orð til umhugsunar. Hún segir frá tíma þegar hún sat námskeið í þjóðfræði árið 2018 en á þeim tíma var hún jafnframt mikið í sundi. Hún lýsir sérstakri menningu í sundlauginni og segir frá sundferð sem hún fór með móður sinni en sú síðarnefnda stundaði sundleikfimi. EES fer með stuttan og skemmtilegan pistil um þessa sundferð en pistillinn var tekinn saman á sínum tíma vegna námsins og hét *Mannlífstorg á sundfötunum*.

5. Undirbúningsnefnd falin fundarstjórn

Formaður felur undirbúningsnefnd fundarstjórn og við fundarstjórn tekur Sigrún Aðalgeirsdóttir. Í undirbúningshópi eru auk hennar Elín Elísabet, Erna, Jóhanna Sigrún, Ragnheiður og Selma.

6. Farið yfir dagskrá fundarins

Sigrún fer yfir dagskrá fundarins.

7. Fundargerð síðasta fundar lesin

Ritari les upp fundargerð síðasta fundar, sem var bókafundur. Fundargerðin er samþykkt eftir eina athugasemd sem er snarlega löguð. Þá kemur fram eftir lestur fundargerðar að pyngjan er fundin og því ekki lengur týnd og tröllum gefin. Umræða verður um pyngjuna sem og bankareikninginn sem hægt er að leggja inn á.

8. Erindi frá stjórn

Formanni er gefið orðið og ræðir eftirfarandi:

a) Vorráðstefna DKG á Íslandi sem haldin verður í Borgarnesi á Hótel Vesturlandi laugardaginn 20. apríl 2024. Vorráðstefnan hefur verið færð fram um einn mánuð til að koma til móts við landsbyggðarkonur þar sem miklar annir eru í maí. Yfirskrift ráðstefnunnar er: *Listir, læsi, líðan – til farsældar*. Ráðstefnan verður opin gestum utan samtakanna gegn þátttökugjaldi. Dagskrá liggur ekki fyrir og því ekki vitað hve langt fram á daginn ráðstefnan verður. Formaður hvetur konur til að mæta.

b) Samræmd móttaka flóttafólks hjá Akureyrarbæ

Formaður ræðir fund sem haldinn verður fimmtudaginn 14. mars nk. kl. 16:30 vegna samræmdrar móttöku flóttafólks. Póstur var sendur á formenn helstu félagasamtaka í bænum vegna fundarins og móttökunnar. Sameiginlegt samtal á að

fara fram í þessum málaflokki og ræða hvernig hægt sé að vinna sameiginlega að markmiðum um farsæld innan Akureyrarbæjar þegar kemur að móttöku flóttafólks. Nanna Gunnarsdóttir hefur yfirumsjón með þessu verkefni. Formaður tekur fram að hún viti ekki til hvers sé ætlast með þessu en mun upplýsa félagskonur í tölvupósti eftir fundinn.

- c) **Helstu niðurstöður könnunar DKG** sem lögð var fyrir í nóvember liggja nú fyrir. Niðurstöður eru aðgengilega á glærum sem formaður lætur ganga. Það sem er áhugaverðast er hve margar konur hafa ekki sótt Landssambandsþing eða ráðstefnur. Það virðist sem það séu mikið sömu konurnar sem sækja viðburði samtakanna. Það sem vel er gert er fræðsla innan samtakanna. Fræðslunet og vinátta er sameiginlegt í svörunum og að það sé valdeflandi fyrir konur að umgangast aðrar konur. Bent er á að það mætti vera meira samstarf og samtal og hafa betri aldursdreifingu, þ.e. að meðalaldur verði ekki of hár á Íslandi. Formaður mun senda glærur í tölvupósti.

9. Önnur mál

- a) Stórafmæli félagskvenna
Kristín Elva varð 50 ára þann 28. júlí 2023. Ekki náðist að færa dömumni afmælisgjöf og kveðju fyrr en nú. Hildur fer að venju með afmælis-kveðju sem alltaf er jafnskemt tilegt að hlýða á. Hildur er beðin að halda vel utan um afmælistilana.
- b) Útprentun fundargerða
Hildur ræðir verkefnið sem hún tók að sér, þ.e. útprentun á fundargerðum til að setja á skjalasafnið, hún er komin í árið 2020 og stefnir á að klára verkefnið fyrir lokafund deildarinn í vor.

10. Veitingar og kaffi

Sigrún býður konum að fá sér veitingar.
Dregið er í happdrættinu í kaffihléi og fær Björk vinninginn. Þyngjan er einnig látin ganga.

11. **Gestaerindi:** Fyrirlesarar eru Ingibjörg Magnúsdóttir íþróttakennari og Kristín Elva okkar. Erindið heitir *Hugað að svefni og líðan í Menntaskólanum á Akureyri*. Mjög áhugaverður fyrirlestur.

12. Fundarslit.

Sigrún gefur formanni orðið sem ræðir næsta fund sem er 16. apríl nk. Í undirbúningshópi þá eru Anna Þóra, Fríða, Hildur, Jónína, Sigríður, Ólöf Ása og María.

13. Slökkt á kertum

Formaður býður Jóhönnu Sigrúnu að slökkva á kertunum.

Fleira er ekki gert og fundi slitið kl. 21.30/SRJ